

EFTIRLITSSKÝRSLA

Eldisstöðin Íspór hf Ölfusi



Dags eftirlits	19.10.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Eldisstöðin Íspór hf	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Nesbraut 25	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660509-0380	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sverrir Valdemarsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður og Johnny	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Öllum eldri frávikum hefur verið lokað en þrjú ný frávik fundust í eftirliti. Ársyfirlit vegna 2021 og Grænt bókhald vegna 2021 bárust of seint en þar sem gögnin hafa borist þá er frávikunum lokað. Útstreymisbókhald fyrir 2021 hefur ekki enn borist.

Fjórar ábendingar voru gerðar:

- um að senda Umhverfisstofnun uppfærðan lista yfir olúgeyma á starfssvæðinu,
- um að senda stofnuninni uppfærðar áætlanir sem liggja skulu fyrir í stöðinni,
- um að herða á mælingum í inntaki eldisvatns og í útrás frárennslis, og
- að senda stofnuninni umsögn / samþykki heilbrigðisnefndar fyrir fyrirkomulagi útrásar.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í fiskeldi Eldisstöðvar Íspórs ehf., kt. 660509-0380 að Nesbraut 25 í Þorlákshöfn. Starfsleyfi rekstraraðila er nýlegt, frá 4. mars 2021 og gildir til 4. mars 2037. Hámark ífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 1800 tonn.

Lóðirnar Nesvegur 23 – 27 eru deiliskipulagðar og gert ráð fyrir fiskeldi á lóðunum. Deiliskipulag lóðanna var samþykkt í bæjarstjórn sveitafélagsins Ölfuss þann 30. nóvember 2020.

Eftirlitið hófst á fundi. Mættir voru stöðvarstjóri, aðstoðarstöðvarstjóri og rekstrarstjóri ferskvatnseldis og Gottskálk Friðgeirsson fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Boðuð dagskrá var eftirfarandi:

- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og mat á stöðu frárennslis við útrás
- Staða útafstandandi frávíka og athugasemda
- Olíumannvirki. Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2022
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Rekstraraðili fór yfir stöðu rekstursins og hefur reksturinn gengið vel. Á síðasta ári var framleiðslumagnið um 555 tonn sem er sambærilegt við árið á undan (530 tonn). Afföll voru 108 tonn, nokkuð mikil vegna sýkinga og smoltunarvandæða. Fóðurnotkun síðasta árs var um 818 tonn og var fóðurstuðull 0,98, sjá grænt bókhald fyrir 2021. Alls var losað 5419 kg af fosfór á árinu og losun því 7,6 kg á framleitt tonn sem er í sátt við losunarmörk í starfsleyfi (10 kg/tonn af lífsmassaaukninga á ári).

Krafa um hreinsun í frárennslis er ekki í nýju starfsleyfi nema ekki sé hægt að halda losunarmörkin.

Eldisvatn er tekið úr borholum ofan og neðan stöðvar, en notkun er breytileg enda lífmassi í stöðinni breytilegur eftir mánuðum en mestur í maí - júní.

Flokkun og skráning úrgangs er með ágætum og til stendur að bæta í og koma upp pressu fyrir plastúrgang til þess að minnka umfang þess. Samningur er kominn á við Arctic Protein um móttöku á meltu (dauðfisk) og er meltutankur þeirra í smíðum og væntanlegur til Þorlákshafnar fljótlega.

Engin óhöpp urðu á síðasta ári við meðferð olíu né hættulegra efna. Engar kvartanir bárust vegna starfseminnar.

2. Engin frávik hafa komið fram í eftirlitum síðustu þrjú ár en árið 2018 komu fram sex frávik og hefur verið brugðist við þeim öllum og þeim því lokað. Engin eldri frávik eru opin.

Rekstraraðila var bent á (2021) að mæla skuli svifagnir og lífrænt efni í báðum útrásum eldisins og er það nú hæfið. Í núverandi starfsleyfi er krafa um sýnatöku tvisvar á ári, bæði í inntaki í stöðina og í útrás frárennslis. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni og eins skal mæla heildarfosfór (P-total) og heildarköfnunarefni (N-total).

Eins var bent á (2020) að úrgangur (efnisafgangar) væri á svæðinu eftir framkvæmdir (yfirbygging kerja) en ástandið nú er gott á svæðinu þótt framkvæmdir séu enn í gangi. Stöðugt er þó þörf á að flokka í sundur úrgang og efni á lager.

3. Rekstraraðili hefur skilað upplýsingum vegna olúgeyma (neyslu- og húsageyma). Skipt hefur verið um

þjónustuaðila/söluaðila eldsneytis og er verið að skipta út nokkrum geymum. Óskað er eftir að uppfærðum lista yfir olíugeyma sé skilað til stofnunarinnar. Stofnunin deilir gögnum um olíugeyma með heilbrigðisnefnd Suðurlands.

4. Skoðaðar voru áætlanir sem liggja skulu fyrir, þ.e. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar (sjá gr. 1.5), viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa (sjá gr. 2.5), neyðaráætlun (sjá gr. 1.5) og áætlun um meðhöndlun úrgangs (sjá gr. 3.10). Rekstraraðili ætlar að fara yfir og uppfæra áætlanirnar. Farið var fram á að afrit af uppfærðum áætlunum séu send til stofnunarinnar. Það eykur á skýrleika að hafa útgáfunúmer og dagsetningu á áætlunum sem fyrir eiga að liggja í stöðinni.

Farið var yfir losunarmörk sem sett eru í starfsleyfinu og kröfur um sýnatökur og mælingar í frárennsli stöðvarinnar. Herða þarf á skilum á mælinganiðurstöðum fyrir total-P, total-N, svifefni og lífrænt efni (sjá ársyfirlit fyrir árin 2020 og 2021).

Skýrslur sem berast skulu til Umhverfisstofnunar eru ársyfirlit, grænt bókhald og útstreymisbókhald. Skiladagur er 1. maí vegna gagna frá árinu á undan.

Í reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002 kemur fram að fiskeldi með ársframléiðslu sem er meiri en 200 tonn með fráveitu til sjávar skal skila grænu bókhaldi.

Ársyfirlit og Grænt bókhald vegna 2021 barst þó ekki fyrr en í ágúst síðast liðinn og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi en þar sem gögnin hafa borist þá er frávikunum lokað.

Í reglugerð um útstreymisbókhald nr. 990/2008 kemur fram að þar sem framléiðslugeta í þéttbæru lagareldi er 1000 tonn á ári skal skila útstreymisbókhaldi. Í viðauka II í reglugerðinni kemur fram að viðmiðunargildi fyrir losun heildarfosfórs í vatn (sjó) er 5000 kg og því hefði stöðin átt að skila útstreymisbókhaldi vegna síðasta árs fyrir 1. maí sl. Þar sem heildarlosun fosfórs á síðasta ári (sjá ársyfirlit ársins 2021) var 5419 kg þá er þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Viðmiðunarmörk fyrir lífrænt efni (kolefni) í sama viðauka reglugerðar um útstreymisbókhald er 50 000 kg á ári.

Rekstraraðili telur að vegna landfræðilegra ástæðna sé ógjörningur að leggja frárennislagnir minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum eins og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 kveður á um. Heilbrigðiseftirlit getur samkvæmt 7. mgr. í 9. grein reglugerðarinnar og að kröfu rekstraraðila, þar sem landfræðilegar aðstæður bjóða ekki upp á fulla lengd frárennislagna lagt til (samþykkt) aðrar lausnir. Óskað er efir afriti af undanþágu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir fyrirkomulagi frárennislagna.

Rekstraraðili er með ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar upp á 1 000 000 SDR.

Lyf og spilliefni eru geymd á fullnægjandi hátt og varúðarmerkingar til staðar.

5. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita. Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar með fulltrúa rekstraraðila. Niðurstöður munu ekki liggja fyrir fyrr en öllum eftirlitum í sambærilegum fiskeldum er lokið og þá mun verða gefið út skipulag eftirlits stofnunarinnar hjá fiskeldisfyrirtækjum á næsta ári (2023).

6. Gengið var um stöðina og voru framkvæmdir skoðaðar, skoðaðar efnageymslur, olíumannvirki / vararafstöðvar og ekki gerðar athugasemdir. Gengið var að báðum frárennislásnum.

Engar kvartanir vegna stöðvarinnar hafa borist og engin óhöpp orðið í meðferð efnavöru og olíu.

Frávik frá	Lýsing á frávikum
ákvæði í gr. 4.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit barst í ágúst sl. og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Þar sem gögnin hafa borist þá er frávikinu lokað.
ákvæði í gr. 4.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal skila árlega til upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni. Grænt bókhald skal berast stofnuninni fyrir 1. maí ár hvert fyrir árið á undan. Grænt bókhald barst í ágúst sl. Þar sem gögnin hafa borist þá er frávikinu lokað.
ákvæði í grein 4.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal árlega, fyrir 1. maí, skila útstreymisbókhaldi til Umhverfisstofnunar. Útstreymisbókhald fyrir árið 2021 hefur ekki borist til stofnunarinnar.

ÁBENDINGAR


Fjórar ábendingar voru gerðar:

1. um að senda Umhverfisstofnun uppfærðan lista yfir olúgeyma á starfssvæðinu,
2. um að senda stofnuninni uppfærðar áætlanir sem liggja skulu fyrir í stöðinni,
3. um að herða á mælingum í inntaki eldisvatns og í útrás frárennslis, og
4. að senda stofnuninni umsögn / samþykki heilbrigðiseftirlits fyrir fyrirkomulagi útrásar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.11.2022



Gottskálk Friðgeirsson

